

Sp.

394. Tillaga til þingsályktunar

um samgöngubætur í Barðastrandarsýslu.

Frá Gísla Jónssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 3 manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um, á hvern hátt kauptúnunum og hreppum í Barðastrandarsýslu verði fljótast og hagkvæmast komið í akvegaskamband innbyrðis og sýslunni í samband við akvegakerfi landsins, svo að unnt sé að tryggja kauptúnunum nægilega mjólk, bændunum örugga sölu afurða og atvinnuvegunum í sýslunni samgöngukerfi á borð við aðra landshluta.

Skal nefndin skipuð þannig: Vegamálastjóra, og verði hann formaður nefndarinnar, einum manni tilnefndum af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einum manni af sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu. Skal nefndin hafa lokið störfum og skilað álit og tillögum fyrir 1. sept. n. k. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á síðustu áratugum hafa verið gerðar svo stórkostlegar framkvæmdir í vegamálum, að segja má, að byggt hafi verið upp nokkurn veginn öruggt akvegakerfi um flestar sýslur landsins og þær tengdar saman innbyrðis og við aðalvegakerfið að meira eða minna leyti. Má í sumum sýslum aka í hvern hrepp, en um aðrar liggja ein eða fleiri aðalbrautir. Á þessu ári er lagt kapp á að ljúka við að tengja Siglufjörð, Ólafsfjörð, Norðfjörð og Ísafjarðardjúp við aðalakerfi landsins, auk þess sem drjúgum verður bætt við vetrarbrautina í austursýslum um Krýsuvík og Selfoss. Þá er einnig verið að undirbúa byggingu Austurvegar og stytta og bæta aðalleiðina til Norður- og Austurlands. Má þá segja, að flestum landshlutum að undanteknu Vesturlandinu hafi verið séð fyrir sæmilegu akvegakerfi að sumarlagi, þótt ýmsar endurbætur séu þar nauðsynlegar. Vesturlandið allt og þó einkum Barðastrandarsýsla hefur hins vegar orðið svo út undan með vegagerðir, að við slíkt verður ekki lengur unað, ef

hugsað er til þess að halda þar fólki við framleiðslustörf. Það ber því brýn nauðsyn til þess að fá nú þegar rannsakað til hlítar, á hvern hátt sem skjótast verði bætt úr þessu ástandi, svo að atvinnuvegunum þar verði tryggð eðlileg þróun og fólkinu sæmileg lífskjör. Þegar lokið er Vesturvegi, sem væntanlega verður á komandi sumri, mun Vestur-Barðastrandarsýsla verða eina sýslan á landinu, sem hvorki hefur vegasamband innbyrðis á milli þorpa og hreppa né vegasamband við aðalvegakerfi landsins. Skal hér nokkuð gerð grein fyrir því, hvaða voði biður þess fólks, sem þar býr, ef ekki verða gerðar á þessu snöggar umbætur. Patreksfjörður er vaxinn upp í 800 manna þorp. Þar er nú blómlegt atvinnulíf, stórútgerð og fiskiðnaður í mjög stórum stíl. Þar er verið að ljúka við byggingu veglegs sjúkrahúss fyrir um 40 sjúklinga, og fólk er þar önnum kafið allt árið við þryðilegar tekjur. Ríkissjóður fær þaðan drjúgar fúlgur í sköttum, og útflutningurinn er meiri á hvern íbúa en frá nokkrum öðrum stað á landinu. Í undirbúningi er þar glæsilegt hafnarmannvirki, sem áætlað er, að kosti á fjórðu millj. króna, og aðrar framkvæmdir eru eftir þessu. En íbúarnir eru í mjólkursveldi. Í svo sem 25 km fjarlægð liggja tvær blómlegar sveitir, þar sem hafa mætti hundruð kúa, og þar berjast bændurnir í bökkum, vegna þess að þeir eru útilokaðir frá markaðsmöguleikum á Patreksfirði fyrir vegleysur. Á Bildudal er að verða sama sagan. Þar eru nú um 400 manns, vaxandi útgerð, vaxandi fiskiðnaður og vaxandi íbúatala, en minnkandi mjólkurmagn vegna vegleysis. Enginn metri af vegi tengir þorpið við sveitirnar, sem út frá því liggja, og þær ættu ágæta afkomu, ef þeim væri kleift að koma afurðunum á sölumarkaðinn, sem sí og æ krefst aukinnar framleiðslu. Eþdirinn getur ekki orðið nema einn. Fólkið er neytt til að flýja úr byggðinni, og þorpin standa uppi í mjólkursveldi með lamaða starfskrafta. Það er til að forðast þessa hættu, að þessi þáltill. er fram horin. Ég treysti því, að þingmenn skilji þessa nauðsyn og samþykki hana og ríkisstjórnin láti síðan málið koma til framkvæmda tafarlaust, því að það þolir enga bið.